

**LÖG****um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961,  
með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 94. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Þegar ákveðið hefur verið að sameina tvö eða fleiri sveitarfélög, getur félagsmálaráðherra ákveðið að tala sýslunefndarmanna verði sú sama og var fyrir sameininguna, enda óski fráfarandi hreppsnefndir eftir því að svo verði.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. mars 1983.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

**LÖG****um breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

4. gr. orðist svo:

Nú uppfyllir hreppstjóri eigi lengur skilyrði 3. gr. og skal þá sýslumaður leysa hann frá störfum. Enn fremur skal leysa hreppstjóra frá störfum, þegar hann er fullra 70 ára að aldri eða hann flyst brott úr hreppnum.

## 2. gr.

7. gr. orðist svo:

Hreppstjórar taka laun úr ríkissjóði og skulu þau greiðast mánaðarlega.

Launin skulu miðast við laun almennra lögreglumanna og úrskurðar fjármálaráðherra við hvaða launaflokk skuli miða á hverjum tíma. Launin ákveðast sem hundradshluti af viðmiðunarlaununum sem hér segir:

Í hreppum með 100 íbúa eða færri greiðast 6.5% launa.

Í hreppum með 101—200 íbúa greiðast 8.0% launa.

Í hreppum með 201—300 íbúa greiðast 9.5% launa.

Í hreppum með 301—400 íbúa greiðast 11% launa.

Í hreppum með 401—500 íbúa greiðast 12.5% launa.

Í hreppum með 501 og fleiri íbúa greiðast 14% launa.